

## Strætó bs

annars vegar

og

## Samiðn

hins vegar fyrirhönd aðildarfélaga,

gera með sér svofelldan

## samning

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

### Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt og tryggja efnahagslegan stöðugleika. Stefnt skal að því að kjarasamningar Strætó bs. og viðsemjanda taki mið af almennri launapróun á vinnumarkaði og að samningslengd verði í samræmi við samninga á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að bæta vinnulag við gerð kjarasamninga m.a. með bættri upplýsingagjöf og áherslu á að kjarasamningur taki við af kjarasamningi og að samningar séu ekki lausir til langs tíma.

#### **Framlenging gildandi kjarasamninga:**

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningar aðila framlengjast til 30. apríl 2015 með eftirfarandi breytingum:

#### **a. Almenn launahækkun**

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1. í kjarasamningum aðila hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.

#### **Lágmarkstekjur:**

- b. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningi Samiðnar og Strætó bs. skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri, sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá Strætó bs
  - a. 1. febrúar 2014 kr. 214.000 kr. á mánuði.
  - b. Launaflokkar sem eru lægri en 230.000 kr. hækka sérstaklega um 1750 kr.

**Eingreiðsla:**

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600, m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. mars 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í febrúarmánuði 2014.

**Desember- og orlofsuppbót:**

Desemberuppbót skv. gr. 1.7.3 verður á árinu 2014 kr. 79.600  
Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.400

**Framlög til fræðslu og starfsmenntasjóða:**

Hækkun framlaga til fræðslu- og starfsmenntasjóða um 0,1% skal koma til koma til framkvæmda 1. Júní 2014.

**Aðfarasamningur:**

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings sem taki gildi við lok samnings þessa.

**Viðræðuáætlun:**

Samningsaðilar eru sammála um að horft verði til viðræðuáætlunar í kjarasamningi Reykjavíkavíkurborgar og Samiðnar varðandi undirbúning endurnýjunar kjarasamningsins

**Gildistími:**


Kjarasamningurinn gildir til 30. apríl 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**Afgreiðsla:**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tíu daga frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 22. mars 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 12. mars 2014

F.h. Strætó bs  
með fyrirvara um samþykki stjórnar Strætó bs



F.h. Samiðnar  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

